

MENNING
LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

FÖSTUDAGUR 24. JÚLÍ 1987

BLAÐ **B**Marka rósir
fótspor?Tvær greinar um ítalskar skáldsögur
á þessum áratugeftir Martino Marazzi í sam-
vinnu við Atla Ingólfsson

Því var eins farið á Íslandi og í öðrum löndum þar sem „Nafn rósarinnar“ eftir Umberto Eco kom út. Bókin naut hvarvetna vinsælda almennings og seldist vel. Ekki er fráleitt að við kynnin af verkinu vakni spurningar manna um stöðu þess meðal ítalskra bókmennta. Má eigna útkomu bókarinnar árið 1980 eitthvert sögulegt gildi?

Víst hefur „Nafn rósarinnar“ sitt mikilvægi, og er einkenni ákveðins tíðaranda í ítalskri menningu. Hún hefur samt ekki orðið upphaf hreyfingar og meðal rithöfunda hefur hún ekki leitt til endurvakningar sögulegra skáldsagna eða vandaðra spennusagna. Áhrif hennar á bókamarkaðinn eru þó eftirtektarverð. Ýmisleg skrif sem að miðöldum lúta eiga nú sitt blómaskeið og svipaðrar gæfu njóta hvers kyns spæjarsögur (nefna má endurútgáfur á verkum Chandlers, Hammetts og Conans Doyle).

Þannig hefur komist hreyfing á bóksölu jafnframt því sem menn fylgjast nú betur með bókaútgáfu. Þetta hefur hvatt forlöggin til að gefa nýjum höfundum tækifæri og lifga upp á nokkuð staðnað útsýni í ítölskum fagurbókmenntum.

Moravia bregður gervi

Erfitt yrði að finna einn þráð að tengja þær bækur sem hafa komið út á þessum áratug, eftir „Nafn rósarinnar“. Þeir nýju höfundar sem birst hafa á sjónarsviðinu eru


gjarnan nefndir í hóp og kallaðir „nýju rithöfundarnir“ („I nuovi narratori“), en þar með er upp talið það sem sameinar þá.

Litum nú í nýjar ítalskar skáldsögur og best er að gleyma ekki alveg eldri skáldum. Til dæmis verður naumast gengið framhjá kempunni Alberto Moravia. Allt frá árinu 1929 hefur hann stundað skriftir og mörg verka hans teljast með því besta sem út hefur komið á Ítalíu þessa öld. Hann hefur unnið sér sinn sess, það er óumdeilt, og það er kannski þess vegna sem hann nýtur nú minni athygli en áður.

Frá árinu 1960 (er út kom „La noia“, virðist Moravia fást við ófrumleg efni, stundum þvæld, eða jafnvel lítilmótleg. Ekki er þó ástæða til að dæma hann af þessu. Ef tekið er mið af þeim verkum þar sem honum best tekst til, er ljóst að skáldið verðskuldar fulla virðingu samtímans, ef til vill helst allra núlifandi skáldbræðra.

Reyndar hefur Moravia ekki valdið vonbrigðum á þessum áratug. Árið 1982 kom út „Storie delle preistorie“ („Forsögulegar sögur“), dægileg bók þar sem skáldið, á áttæðisaldri, gerir sér lítið fyrir og bregður gervi. Hér birtist hann sem La Fontaine okkar daga og skrifar dýrasögur. List dýrasögunnar er jafnvægið milli barnslegrar einfaldni og alvarlegs boðskapar eða innihalds. Þetta jafnvægi er fullkomið hjá Moravia. Stíllinn er léttur og ímyndunarflið lipurt, svo menn geta ekki annað en heillast; og skortir þó ekki á beinskeytni sagnanna.

Slíkar sögur minna á einhvern hátt á þulur eða form sem nátengd eru munnlegri




Umberto Eco

6B



Einar Guðmundsson skrifar frá Prag:

Vonin um vorið

Einar Guðmundsson
skrifar frá Köln:Um
listamustari

4B

frásögn, viss formúlughugsun og endurtekningar innan formsins eru þeim sameiginleg. Leikhúsið er skáldinu síður en svo framandi, og eru uppfærslur á leikverkum Moravia ekki fátíðar þessi árin.

„Að vera dáinn“

Fyrir tveimur árum lentu menn óvænt í þeirri aðstöðu að leggja mat á fjórutfu ára feril Italo Calvino. Sviplegt fráfall hans virtist jafnframt varpa nýju ljósi á síðasta snilldarverk hans „Palomar“ (1983).

„Palomar“ er ljós og örvæntingarfyll kveðja til lífsins. Hún lýsir meðvitundum og sárum leidarlokum manns sem þyrstir endalaust í líf og svör við spurningum þess, en líf hans og spurningar eru bundin eilífum vafa.

Aðalpersónan, Palomar, umritar hversdagslega tilveru sína svo úr verður einskona píslarganga þar sem staldrað er við á níu stöðum, sem virðast næstum óþægilega venjulegir („Palomar á ströndinni“, „í garðinum“, „Palomar að verla“ o.s.frv.). Sérhver þessara hugleiðinga skiptist í þrjú stig. Á hinu fyrsta er Palomar einvörðungu lýsandi umhverfisins. Annað stig er fyllri og huglægari umfjöllun aðstöðnanna, en í þriðja hluta birtast þær djúpu spurningar sem vakna við ihugun þeirra.

Þannig kryfur Palomar veruleikann og leitar um leið aðferðar til að horfast í augu við sjálfan sig og aðra. Það sýnir styrk hans og staðfestu að þessi krufning leiðir ekki inn í víthring spurninga, þótt undir lokin ágerist ástríða hans. Þess í stað lýkur henni á föstum punkti, hversu erfitt sem virðist að taka honum. Palomar finnur ekki annað svar en dauðann. Fyrir honum er dauðinn þó ekki einfaldlega það að andast. Einmitt vegna þess að hann er niðurstáða ihugunar er hann fyrst og fremst fölginn í ákvörðuninni „að vera dáinn“. „Að vera dáinn“ er að venjast vonbrigðunum er maður vaknar, samur og óbreyttur, í ákveðinu ástandi sem engin von er lengur að breytist.

Frásögnin er vitsmunaleg og sprettur af alvenjulegum veruleika. Þar er ekki svo mikið sem átakamikill dauði eða sjálfsmorð. Á því augnabliki sem hann tekur ákvörðun sína, andast Palomar.

Með Palomar lét Italo Calvino eftir sig áhrifamestu og fegurstu bók þessa áratugar.

Nútíma-sagnaljóð

Árið 1963 héldu ítalskir lista-

menn frægt þing í Palermo. Þar var þróun listanna skeggrædd, og menn urðu ósáttir um nauðsyn þess að leita nýrra leiða og að auka þyrfti frjósemi í efnistöðum og formi. Í bókmenntum vildu menn slíta sig frá nýraunsæi sjötta áratugarins. Það var of einhæft, fimyndunarsnautt, og þótt einkennilegt megi virðast þótti raunsæið líka skorta samfélagslegt gildi.

Þessar kröfur listamanna leiddu af sér ýmsar tilraunir í skáldsagnagerð og er „Nafn rósarinnar“ kannski síðasta afsprengi þeirra. Ekki voru tilraunirnar allar heilvænlegar enda oft bundnar of einföldum formskilningi. Margar þeirra féllu ágætlega að hugmyndum póst-móðernismans, en vísuðu ekki á neinar frumlegar leiðir. Er reyndar meining margra að svo sé um bók Ecos.

Einn úr Palermo-hópnum gekk sýnu lengst í leitinni að nýrri skáldsögu, og án afturhvarfs. Nanni Balestrini er fyrst og fremst ljóðskáld, en var hylltur meira sem skáldsagnaritari er út kom bókinn „Vogliamo tutto“ („Við viljum allt“), árið 1971. Núna, árið 1987, kom svo út önnur saga, „Gli invisibili“, („Hinir ósýnilegu“).

Efniviður beggja sagnanna er söttur í ítölsku stéttaátök, og pólitísk afstaða Balestrinis er afdráttarlaus sósíalismi. Ekki er mönnum nýnæmi á slíku í bókmenntum. En ef menn gera sér grein fyrir spennunni í ítölsku þjóðfélagi á 8. áratugnum verða þeim jafnframt ljósir listrænir möguleikar efnisins.

Stíll Balestrinis er frumlegur og hrífandi. Frásögnin er eins konar nútíma-sagnaljóð, skipt í kafla, sem hver um sig deilist í stutt brot, eða erindi í óbundnu máli. Innan erindanna skipta samhljómur og hrynur orðanna miklu máli. Erindin mynda í heild sinni sterkan hryn sem undirstríkar tilfinningalega spennu frásagnarinnar. Markvert er hversu vel Balestrini tekst að nota algerlega raunsætt og jafnvel „hrátt“ talmál í þessum ljóðræna leik sínum.

Ekki er gott að dæma um hvort aðferðin er fullkomlega sannferandi þótt hæfni höfundarins verði ekki neitað. „Gli invisibili“ vinnur þó á með seidmagni sínu. Því miður veldur stíll Balestrinis þýðendum miklum örðugleikum.


Afturhvarf

Gianni Celati var í '63-hópnum, eins og Eco og Balestrini, en hefur minni áhyggjur en þeir af tilraunum og nýjungum. Árið 1985 gaf hann

út „Narratori delle pianure“ („Sögumenn stéttanna“). Á sinn hátt er bókinn lítil ítölsk „Púsund og ein nótt“. Meðfram ánni Þó safnar sögumaður frásögnum úr lífi venjulegs fólks. Hann sækist frekar eftir ævintýralegum atburðum, jafnvel óraunverulegum eða fánalegum, sem þó eru alltaf algjörlega sannir.

Aðferðin er einskona „cinema-vérité“. Eins og slíkar myndir, er frásögu Celatis rík af tilfinningum, tilfinningum sem kannski speglast helst í sjálfum frásagnarvilijanum. Andrúmsloftið er merkt af regni og þokum, eins og Norður-Ítalíu tilheyrir.

Í verkum Celatis birtast einkenni sem áberandi eru í skáldsögum



Aldo Busi

ekki gerist of innhverf, eins og svo algengt er í verkum hinna yngri. Hjá De Carlo leysist hið sjálfhverfa upp í þeirri nákvæmu athygli sem hin smæstu einkenni hreyfinga og umhverfis njóta. Hann skrásetur birtingu hlutanna til hins ýtrasta og verður úr eins konar smásjár-fyrirbærafræði hversdagsleikans.

Tvær fyrstu bækur De Carlos, „Treno di panna“ og „Uccelli da gabbia e da voliera“ („Búrfuglar og veiðifuglar“) (1982) einkennast af ofangreindri frásagnaraðferð. Söguhetjan er ungur, vel stæður heimsborgari, sem virðist allsendis laus við tilvistarkreppur. Hann er sjálfur sögumaðurinn og hæfir hinn áhyggjusnaudi stíll honum ágætlega. Pilturinn flækist í einskona spennusögur, dularfullar og skelfilegar.

Hugsanlega mætti líkja einföldum og frekar hlutlausum stíl De Carlos við hinn franska „nouveau roman“ (höfunda eins og Robbe-Grillet eða Sarrante). Þó er ekki hægt að segja að bókmenntaleg meðvitund skíni af síðunum, nema ef nefna mætti augljóst dálæti De Carlos á vissri tegund bandarískra afþreyingarsagna.

Í tveimur nýjustu verkum sínum „Macno“ (1984) og „Yucatan“ (1986) virðist De Carlo hafa týnt því sakleysi áhorfandans sem naut sín í fyrri bókunum. Nú skrifar hann hikstalaust metsölubækur í amerískum stíl. Ekki verður efast um hæfni hans á því sviði, en heldur fer nú lítið fyrir frumleika.

Hisþursleysi

Pier Vittorio Tondelli (f. 1955, Correggio) virðist hafa farið aftur,



Stefano D'Arrigo

eins og De Carlo. Árið 1980 vakti hann athygli með bók sinni „Altri libertini“ („Aðrir nautnaseggir“). Frásögnin er hrá og hisþurslaus um hvaðeina, ósjaldan óþægilega — eða skemmtilega — annkannalegar aðstæður. Kannski er hægt að tala um nakið og einlægt tungutak, sem notfærir sér í ríku mæli litbrigði slangurmáls.

„Altri libertini“ er reyndar skarp-lega dregin mynd af ítalskri æsku. Í sex sögum er lítið á jafn margar hliðar málsins: Frá heimi eiturfjanna til unglingsvæðis. Á sinn hátt eru þarna sömu efni og Balestrini fæst við, en Tondelli lýsir þessum heimi að innan, sem þáttakandi, og án hugmyndafræðilegra gleraugna.

Heiðarleiki og hisþursleysi Tondellis hefur þó áhættu í för með sér: Persónur hans geta orðið of augljósar, sögurnar of dæmigerðar og tilfinningar geta orðið að tilfinningasemi. Slíkir ágallar eru nálægir í „Altri libertini“ og verða áberandi í seinni bókum Tondellis „Pao Pao“ (1982) og „Rimini“ (1985). Í þeim er ferskleikinn ekki lengur til að halda athygli lesandans og einlægni hlaut altént að minnka með árunum.

Í fyrri greininni var minnst á spjaratísku á bókmenntamarkaðinum. Það samræmist henni að aðalpersóna „Rimini“ er rannsóknarblaðamaður.

Von í vitsmunum

Meðal vandaðri bóka áratugarins er án efa „Atlante occidentale“ („Atlas vestursins“) (1985), eftir Daniele Del Giudice. Fyrsta bók hans, „Lo stadio di Wimbledon“



La Galerie du Vitrail.

Dúi Landmark skrifar frá París:

Í Mekka glerlistarinnar

Ingunn Benediktsdóttir glerlistakona opnaði einkasýningu þann 25. júlí sl. í „La Galerie du Vitrail“ sem er staðsett í Chartres í Frakklandi. Sýningin var opnuð að viðstöddu fjölmenni, þar á meðal helstu embættismönnum Chartresborgar svo og blaðamönnum frá L'Ácho Republicain og Le Maine libre, og voru blaðaumsagnir mjög jákvæðar. Bar jafnt leikmönnum sem lærdum saman um það að sýningin væri einstaklega vel heppnuð og þótti öllum aðferðir Ingunnar við að vinna með spegla bæði nýstárlegar og markvissar, en hingað til hefur Ingunn eingöngu sýnt steint gler sem er sá efniviður sem meirihluti glerlistamanna nota.

Chartresborg er u.p.b. 100 km frá París og er hin viðurkennda

Mekka glerlistarinnar í Frakklandi, þar búa helstu glerlistamenn landsins og þar eru þekktustu glerlistarsalirnir. Borgin er samt þekktust fyrir Dómkirkjuna og glerskreytingarnar í henni, en La Galerie du Vitrail er einmitt staðsett við hliðina á henni.

Segja má að þessi sýning hjá Ingunni hafi verið einskona þrágrímsferð, því að það var einmitt á þessum slóðum sem áhugi hennar á glerlistinni kviknaði fyrst, það er, í dómkirkjunni í Chartres, Notre Dame í París og á fleiri stöðum sem hún sá þegar hún dvaldi í Frakklandi sem unglingur. En það var ekki fyrir en í New York 15 árum seinna sem hún byrjaði að kljást við glerlistina á verkstæði í Soho og í Parsons school of design.

(„Wimbledonvöllurinn“) kom út árið 1983.

Í hinu nýja verki Del Giudice hlýtur að vekja athygli hæfileiki hans, og kannski djörfung, að kryfja og skýra tilfinningar tveggja karlmanna sem kynnast og unnast á vissan hátt. Ást þeirra er þó ekki annað en venjuleg vinátta í sinni innlegustu og einlægustu mynd.

Sagan gerist í Genf, alþjóðlegri og sérkennalausr borg. Ungur ítalskur vísindamaður, sem starfar við rannsóknir í kjarneldisfræði, kynnist fullþroskuðum erlendum, rithöfund. Þeir laðast vitmunalega hvor að öðrum og finna til djúprar samkenndar.

Það svið nútímans sem Del Giudice skoðar er býsna ólíkt því sem Tondelli fæst við. Del Giudice veitir sér ekki upp úr eynd tímanna heldur lítur hann á það háleita sem í menningunni býr. Sameign þjóðanna á þekkingu og samruni lífsvenja hvarvetna geta að hans viti leitt til nýrrar menningar. Í stað firringar og aðgerðarleysis getur maðurinn fundið til ábyrgðar og löngunar að lifa mennsku sína til fulls. Tilfinningarnar eru þrátt fyrir allt ekki útskýfaðar. Skynsöm meðvitund eyðir þeim ekki heldur styður, og gefur þeim vægi.

Mann grunar að hér hljómi ný og persónuleg rödd og bíður næstu bókar Del Giudice til að staðfesta það.

Súrrealismi

Sá nýju rithöfundanna sem síðast birtist er jafnframt elstur þeirra. Það er Aldo Busi (f. 1948). Það má furða sig á hversu seint hann gaf út fyrstu bók sína því hann virðist fæddur rithöfundur.

Busi hefur gefið út þrjár bækur: „Seminario sulla gioventù“ („Æskunámskeið“) (1984), „Vita standard di un venditore provvisorio di collant“ („Staðlað líf skammtíma sokkabuxnasölu-manns“) (1985) og „La delfina bizantina“ („Býsanska prinsessan“) (1986). Bækurnar eru mikil og löng ferðalög, bæði raunveruleg og táknræn, um ýmis hérað Ítalíu. Þær eru órofinn dans svipmynda, aðstæðna og hluta á mörkum hins fátánlega. Blandað er saman grimmd og blíðu, mikilleik og flatneskju. Ímyndunin er þrotlaus, og tungan verður tilefni æ nýrra uppfinninga.

Ósagt skal látið hvort málfarslegar tilraunir Busis eru nýjung í sjálfu sér. Hann er súrrealískur í anda, og virðist segja frá án sérstaks tilgangs. Frásögnin lifir á

augnablikinu til að hópa saman hugboðum, hljóðum og ímyndum. Hún er í senn greindarleg og fingerð, margorð um svið fýsnanna, sjónræn og litrík.

Víst er, að hvernig sem þessi ótrúlegu ævintýri kunna að birtast lesandanum, verður ekki efast um sanna tjáningarþrá höfundarins. Meiri tíma þarf til að átta sig á raunverulegu gildi hans.

Dulúð

Að lokum er freistandi að geta fjögurra höfunda sem ekki verður skipað í neinn flokk. Þeir eru einstæðir og sérstakir í ítölskum bókmenntum.

Stefano D'Arrigo er dularfullur eins og bækur hans. Hann lifir aðeins fyrir ritstörf og þó líða tíu til fimmtán ár milli bóka hans. Hann hefur verið þekktur og dádur allt frá árinu 1960, en einu bækur hans til þess eru „Horcynus Orca“ (1975) og „Cima delle nobildonne“ („Lungi hefðarkvennanna“) (1985).

D'Arrigo er Sikileyungur, fulltrúi hinnar sönnu, blóðheitu Ítalíu suðursins. „Cima delle nobildonne“ er hugsanlega ágætt dæmi um fjar-

lægð og jafnvel skeytingarleysi mikils hluta ítalskrar menningar frammi fyrir metsölubók eins og „Nafn rósarinnar“. Slík metsölubók er virt og metin að verðleikum, en hún snertir ekki djúpa strengi í geði Suður-Ítalans.

Þráðurinn í „Cima delle nobildonne“ er jafn hrifandi og hann er óþægilegur. Þar birtist röð venjulegra persóna sem eiga sameiginlegan áhuga, fræðilegan og persónulegan, á fylgjuni í þunguðum konum. Í raun er fylgjan aðalpersóna sögunnar, miðjan sem allt snýst um. Þannig fær hin einfalda frásögn dulþekilega vidd. Ríkjandi er óttablandin virðing fyrir dularfullum þáttum í lífsundrinu. Þeir verða að eins konar tótemsílu, sem menn dýrka og óttast í senn.

Hinn alvarlegi og síðferðilegi undirtónn leiðir aldrei til einhæfni. Hinn langi sköpunartími verka D'Arrigos tryggir fullkomna smíð þeirra í öllum atriðum. Bókin er sannfærandi og ein þeirra sem erfitt er að slíta sig frá.

Flótti

Annar höfundur tengir í sögum

sínum einfaldleika hversdagsins og dulinn þráð hins ímyndaða og táknræna. Það er Marco Lodoli sem heillaði alla með fyrsta verki sínu, „Diario di un millennio che fugge“ („Dagbók árhúsunds sem flýr“) (1986).

Bókin er ferðasaga, ein þeirra sem lýsir sterkri flóttabörð einstaklingsins, örvæntingarfullu kapphlaupi hans í átt að eigin upplausn. Tveir vinir ferðast vítt og breitt um Evrópu og keppa um hylli ungrar dauðfundur stúlku. Hún er í senn dularfull og tilgangslaus og þó þráð, hversu ólíkindalegar sem forsendur þeirrar þrár kunna að virðast.

Yfirborð sögunnar er skýrt og lipurlega skrifað. Upphaf, endir, persónur, andrúmsloft síðferðilegrar upplausnar, allt birtist þetta manni óslíglá af tæknisviðinu. Bókin er ljóðræn greinargerð fyrir djúpum, persónulegum vanda, opinberun óþægilegs leyndarmáls.

Ítölsk Málfríður

Tveir rithöfundar höfðu þegar unnið til viðurkenningar, en nutu fyrst á þessum áratug þeirrar gæfu að vera endurútgefnir og að ná eyrum fjöldans. Þökk sé Eco hafi hann opnað þau eyru.

Gesualdo Bufalino, frá suðrinu eins og D'Arrigo, er þulur í sett við Proust. Hann notar ljós, líti, lykt og bragð suðursins í frásögn af æsku sinni, fulla af söknuði og sviptingum hjartans við endurfundi hins líðna tíma. Hafi menn furðað sig á ensk-norrænum blæ þeirrar Ítalíu sem Celatio lýsir er ágætt mótvægi að finna í „Argo il cieco“ („Argo hinn blindi“) eftir Bufalino. Bufalino er meistaranum, Proust, til söma með afbragðsgögum sjálfsævisögustíl sínum.

Síst af öllu verður efast um réttmæti hinar síðbúnu velgengni skáldkonunnar Önnu Maríu Ortese. Á síðasta ári var endurútgefin „L'iguana“ („Eðlan“), sem fáir höfðu tekið eftir árið 1965, er hún kom fyrst út. Ortese er af kynslóð Moravia og hefur stundað ritstörf allt frá fjórða áratug aldarinnar. Hún er ótrúlegt dæmi um vanmetinn höfund, því hún er frábær penni og öruggur, þótt verkin virðist stundum fráhrindandi.

Við lestur „L'iguana“ er ekki laust við að maður sjái skyldleika Ortese við Málfríði Einarsdóttur. Þetta felst einkum í stílnum, þótt illgerleg sé að festa hendur á nákvæmlega hvað þær eiga skylt. Það er eitthvað sem dillar manni við lesturinn.

„L'iguana“ segir frá ævintýri ungs greifa sem siglir bát sínum í gæfuleit. Hann rambar á óþekktu eyju, þar sem grimmir og dularfullir bræður halda ungru kvæðlu í þrífund. Eðla þessi hefur öll einkenni mannglegrar veru, utan líkamann. Greifinn fellir ást til eðlunnar og ákveður að frelsa hana. Rekjum ekki rekar þennan sérkennilega söguþráð, en skemmtun er hverjum vís sem bókin les til enda.

Ortese skrifar skýrt eins og bestu höfundar upplýsingarinnar og snýr dæmisögum átjándu aldar upp í fátánleika. Það er fátánleikinn og jafnframt hið grófa og sorglega innan hans sem varpar ljósi á djúpa einsemd höfundarins. Kannski er bókin háðsglött að þeim sem hyggja einfalt og vandalaust að búa í þessum heimi.

Ortese er enn eitt dæmið um mörg ólík andlit ítalskra bókmennta. Hún býður ekki upp á sögulegar eða félagslegar skýringar á veru sinni, en rödd hennar er ákveðin og stöðug. Vegna alvöru sinnar er hún kannski seigari en þessi hálfgerðu alfræðirit Ecos. Ástæðulaust er þó að metast um það. Á klausturbókasafninu í „Nafni rósarinnar“ hefði áreiðanlega verið pláss fyrir margar ítalskar bækur síðari ára. Þó að sjálfsögðu ekki „Nafni rósarinnar“, því bókasafnið er í henni.

Martino Marazzi er bókmenntafræðingur í Milanó.
Atli Ingólfsson stundar nám í tónsmíðum í Milanó.

Nokkrar þýðingar á verkum ofangreindra höfunda:

Busi: „Seminario della gioventù“ er væntanleg á ensku hjá Farrar, Strauss, New York og frönsku hjá Presse de la Renaissance.


„Vita standard“ mun koma út á ensku hjá Farrar, Strauss og sænsku hjá Bromberg.

D'Arrigo: „Cima delle nobildonne“ er væntanleg á frönsku hjá Editions Denoel.

De Carlo: „Macno“ (enska) — Harcourt Brace, New York 1986, „Yucatan“ er væntanleg á norsku hjá Tidel.

Ortese: „L'iguana“ kom út hjá Gallimard í Frakklandi 1986. Hún mun jafnframt vera til á þýsku hjá Hanser Verlag í Þýskalandi og kemur út um þessar mundir á ensku í Bandaríkjunum.

Tondelli: „Rimini“ er væntanleg á frönsku hjá Seuil.



Andreo De Carlo



Talið frá vinstri: Jaques Loire, Micheline Loire, Ingunn Benediktsdóttir, Haraldur Kröyer sendiherra og borgarembættismaður.



Ingunn Benediktsdóttir.



Auglýsingaspjald sýningarinnar.



Íslensku sendiherrahjónin á sýningunni.

Ljósmyndir/Dúi Landmark

Árið 1983 kynntist hún svo. Jaques Loire þegar hún var á ferðalagi um Frakkland, en hann er kunnasti glerlistarmaður Frakka og er einnig annar eigenda La Galerie du Vitrail, en kona

hans, Micheline Loire, sér um allan rekstur þess. Þau urðu bæði mjög áhugasöm fyrir myndum sem Ingunn sýndi þeim af verkum sínum, og buðu henni að halda sýningu í galleríinu í Chartres.

Ingunn hefur áður haldið sýningar í Norræna húsinu 1984 og 1985, svo og í Bandaríkjunum. Sýningin í Chartres er opin til 19. júlí.